

Nr. 19-009 S 008 Viðey RE 50***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2895
IMO: 9756339
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: HB Grandi hf.
Stærð: 1827,40 bt
Mesta lengd: 55,14 m *Skráð lengd*: 51,77 m
Breidd: 13,50 m *Dýpt*: 8,20 m
Vél: MAN, 1795 kW, 2016
Fjöldi skipverja: 12



Viðey © Kvótinn.is

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. október 2018 var Viðey RE 50 á togveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: ANA 3 m/s.

Skipverji var í aðgerð á vinnsluþilfari og var að blóðga golþorsk. Tók hann upp fiskinn með vinstri hendinni og var að setja hnífinn á tálknin þegar fiskurinn spríklaði og lamdist til. Við það hrökk hnífurinn af tálknunum og í vinstra handarbak skipverjans svo hann fékk stóran skurð. Eftir að hafa verið saumaður um borð var skipverjinn fluttur yfir í annan togara sem var á leið til Reykjavíkur til að kom honum undir læknishendur. Við skoðun hjá lækni kom í ljós að tvær sínar sem liggja fram í þumalfingurinn voru í sundur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með venjulegan aðgerðarhníf og með hanska á hönd;
- að sárið var saumað saman um borð og við það stöðvaðist blæðingin;
- að haft var samband við lækni í landi og í samráði við hann var skipverjinn sendur í land með togara sem var á landleið;
- að skipverjinn hafði misst mikið blóð og var mjög þrekaður eftir flutninginn yfir í togarann sem flutti hann í land þar sem hann gekkst undir aðgerð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.